

- 129 Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15
26. sept. 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. september 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

- 130 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Svöfu Jónasdóttur,
27. sept. Jóhannesar Þorkelssonar og Ásu Jóhannesdóttur frá Fjalli í Aðaldal,“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. september 1946.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Svöfu Jónasdóttur, Jóhannesar Þorkelssonar
og Ásu Jóhannesdóttur frá Fjalli í Aðaldal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Svöfu Jónasdóttur, Jóhannesar Þorkelssonar og Ásu Jóhannesdóttur og er hann stofnaður af eftirlifandi börnum þeirra Fjallshjóna, Signýju, Helgu og Þorkeli, og tengdasyni þeirra, Oddi Ólafssyni, til minningar um þau og dóttur þeirra Ásu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 8000 — átta þúsund — krónur, sem lagðar hafa verið í Söfnunarsjóð Íslands til geymslu og ávöxtunar. Sjóðinn má auka með gjöfum og framlögum, en auk þess leggst einn hundraðshluti árlegra vaxta við höfuðstólinn.

3. gr.

Árlegum útborguðum vaxtatekjum sjóðsins skal varið til eflingar skógrækt og iþróttastarfsemi í Aðaldælahreppi, eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnarinnar hverju sinni.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Stofnendur sjóðsins tilnefna einn og sé hann formaður stjórnarinnar. Annar skal kosinn af Skógræktarfélagi Aðaldæla, en hinn þriðji af ungmennafélagi sveitarinnar.

Þegar stofnendur sjóðsins eru frá fallnir, eða óska ekki lengur að nota tilnefningarrétt sinn, skal hreppsnefnd Aðaldælahrepps velja stjórnarformann sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal kosin til þriggja ára í senn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók um, hversu fé sjóðsins er varið hverju sinni, og varðveita eignaskilríki hans og skjöl, er varða hann og starfsemi hans. Árlegan reikning sjóðsins skal sjóðstjórn senda sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu til endurskoðunar og úrskurðar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.